

# Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Tónleikar

Næsti Pési kemur út .8 maí 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 5.maí.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Bingó	5
Atvinna	7
Vinnuskóli	8
Smárafréttir	10
Skólastefna	18
Hrunaspjall	21

Apríl 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 281 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN



## Frá Bókasafni Hrunamanna

Vinsamlegast athugið breyttan opnunartíma í sumar.

### Opið í apríl:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18



### Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	<b>LOKAD</b>

Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna  
Félagsheimilinu

## Sveitarstjórapistill


Nú er apríl runninn upp og vor komið í loftið. Vonandi er það ekki svika vorilmur en maður skynjar að fólk og fyrirtæki eru komin með vorfiðringinn. Þá er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2013 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí. Nú er lokið nýju sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna á Suðurlandi sem eru „Leynardómar Suðurlands“ sem stóðu frá 29. mars til 6. apríl. Mér sýnist hafa tekist vel til með þetta átak og verður eflaust árleg uppákoma. Það var gaman að sjá að Hreppamenn tóku þátt í Leynardómum Suðurlands því ef ferðapjónustan á að dafna er mikilvægt að skapa afþreyingu fyrir ferðamenn hér í sveit. Vil ég í þessu sambandi hvetja fólk og fyrirtæki til að nýta sér afmælisár Fjalla-Eyvindar til nýsköpunar í ferðapjónustu.

Það er einmitt í þessum anda að Hrunamannahreppur er að skoða það að láta setja upp 9 holu frísbíggjuföll á Flúðum. Hugmyndin er að hafa hann á svæðinu fyrir neðan Félagsheimilið og í hluta af Bæjargarðinum á Flúðum. Ef vel tekst til gæti þetta orðið góð afþreying fyrir unga sem aldna sem og íbúa og ferðamenn. Önnur hugmynd sem verið er að huga að er uppbygging skólalóðarinnar og búið er að samþykkja að láta hana hana. Þar er eitt verkefni sem trúlega er hægt að klára auðveldlega sem er að útbúa svæði fyrir „mini skatepark“ við hlið sparkvallar og er það komið í vinnslu. Ef vel tekst til getur þetta orðið bragabót fyrir brettakrakka og í leiðinni aukið á gæði afþreyingar í Hreppnum.

Nú er búið að grafa fyrir viðbyggingunni fyrir íþróttahúsið og það var gaman að fá elsta árið í Undralandi og yngsta árið í Flúðaskóla til að taka fyrstu skóflustungurnar. Áhuginn hjá krökkunum var reyndar svo mikill að þau vildu nú helst ekki hætta og síðan slapp það til að þau rotuðu ekki hvort annað með skóflunum. Annars hefur þetta gengið rösklega hjá Fögrusteinum og púðinn undir húsið að verða tilbúinn. Þá er búið er að ganga til samninga við Límtré-Vírnet um kaup á burðarvirki og yleiningum í húsið. Næsta verk verður að bjóða út uppsteypu annars vegar og hins vegar reisingu á húsinu og er gert ráð fyrir að það verði um næstu mánaðarmót.

Annars hefur íþróttalífið hjá UMFH verið gott og öflugt í vetur og ótrúlega hátt hlutfall barna og unglinga sem stundar íþróttir. Vonandi mun þetta starf styrkjast enn frekar með stækkun hússins auk þess að gefa almenningi enn frekari kost á að fá tíma í íþróttahúsinu. Þess má einnig geta að þær Þórdís Jóna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Björk Einarsdóttir voru valdar í 12 manna landsliðshóp í U15 kvenna og óska ég þeim til hamingju með það. Það eru fleiri sem standa sig vel en krakkarinir því þjálfarinn, Árni Þór, hefur verið ráðinn sem aðstoðarlandsliðsþjálfari U18 kvenna. Allt þetta er rós í hnappagatið hjá körfukattleiksdeild UMFH en þar voru yfir 100 krakkar að æfa körfubolta í vetur.

Það var einnig gaman að taka þátt í því að heiðra minningu Matthíasar Bjarka Guðmundssonar, þess mikla blakara með meiru, með svo kölluðu Bjarkarmóti í blaki. Það voru gamlir félagir sem stóðu það þessu framtaki í samhengi við 60 ára afmæli eins þeirra. Nú er búið að hengja upp treyju Bjarka í íþróttahúsinu og gera ferli hans skil.



Síðan til að monta sig og gera blakhefðinni skil þá vörðu hinir síungu gömlu Hrunamenn Íslandsmeistaritil sinn í 1. deild karla í blaki. Það eru líka til fleiri íþróttir en boltaiþróttir og það er alltaf jafn gaman að sjá hvað það er mikil þáttaka í Halldórmótinu í skák í Flúðaskóla. Þar var brotið blað því í fyrsta skipti náði stúlka verðlaunaseti og var það mjög ánægjulegt að þetta sé að jafnast út því miður hefur þetta verið dálítið karllægt. Hvet ég allar stúlkur til dáða að standa drengjunum ekki að sproði í hverju sem er.

Það er einnig gaman að sjá að félagsmiðstöðin Zero er að gera góða hluti og er starfssemin mjög öflug og eykur til muna möguleika ungmenna til fjölbreytts tómastundastarfs. Nú er hún Þorbjörg Helga forstöðumaður Zero að hætta í sumar þar sem hún er að fara í skóla og er einmitt auglýst eftir nýjum forstöðumanni í Pésanum. Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar.

Nú er sveitarstjórn búin að samþykkja að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Torfdal/Vesturbrún og síðan svæði fyrrir ofan og neðan Smiðjustíg á Flúðum. Þegar deiliskipulögin hafa tekið gildi verður hægt að huga að alvöru að uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara á Heimalandsreitnum og breyttu og fjöldbreyttara íbúðafyrirkomulagi á Smiðjustíg. Það var síðan ánægjulegt að ganga frá samkomulagi við Reyjabakkabræður um Bakkatúnsmálið um daginn og öllum sem komu að þeirri lausn til sóma. Gott er að geta leyst gömul mál og nú þarf að huga að breytingu á deiliskipulagi Bakkatúnsvegjar til að sjá hvort þetta gangi upp allt saman.

Annað verkefni í sveitinni sem er mjög áhugavert er uppbygging á Gömlu lauginni við Hverahólmann. Þar er Björn Kjartansson á lokasprettinum að gera eina áhugaverðustu túristagildru á Suðurlandi að mínu mati. Samhliða því að byggja upp aðstöðu fyrir baðgesti hafa verið lagðir stígar um Hverahólmann sjálfan sem er nauðsynlegt til koma í veg fyrir að hann skemmist því ég er sannfærður um að það munu verða þúsundir sem leggja leið sína á svæðið.

Nú styttest í kosningar og eflaust fer að skýrast hvernig framboðsmálum verður háttað hér í sveit. Sveitarstjórn er einnig búin að samþykkja að samhliða sveitarstjórnarkosningum þá verði skoðanakönnun gerð um hvort íbúar Hrunamannahrepps hafi áhuga á sameiningu við önnur sveitarfélög. Könnuninni er stillt þannig upp að ef fólk hefur yfir höfuð áhuga á að skoða sameiningamálin þá verða valkostir hvaða möguleikar það eru sem mönnum lýst þá best. Það er spennandi að nota íbúalýðræðið til að kanna svona hluti sem væri þá nýrri sveitarstjórn til upplýsingar hvernig stemmingin er fyrir þessum hugmyndum.

Að lokum vil ég hvetja menn að huga að umhverfi sínu, klippa tré og runna, og huga almennt að tiltekt þegar við erum að koma undan vetri. Það styttest væntanlega í rusladaginn og þegar þar að kemur hvet ég alla til að taka þátt því umhverfi okkar allra en andlit sveitarinnar.

Megum við eiga gott vor saman.

Fréttatilkynning

### **About South Iceland**

Á næstu vikum mun ég opna markaðstorg og bókunarmiðstöð í litlu húsunum á torginu gengt Ölfusárbrú.

Ýmsar uppá komur eru í bígerð þar sem lagt er upp með að bjóða uppá vörur og þjónustu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn á svæðinu

Óska ég eftir upplýsingum til mín um allt sem er í boði stórt og smátt, hreyfanlegt og minna hreyfanlegt á Suðurlandi.

Vinsamlegast leyfið mér að heyra hvað þið eruð að bjóða uppá í afþreyingu, uppákomum, handverki, mat og bara hvað sem er

Til stendur að setja saman öflugasta net upplýsinga og framboðs sem til er á Suðurlandi.

Hlakka til að heyra frá sem flestum  
Sigrun Hauksdóttir  
[sigrun@pax.is](mailto:sigrun@pax.is)

### **Aðalfundur UmfH**

Aðalfundur Ungmennafélags Hrunamanna verður haldinn þann 14.apríl n.k. kl. 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Einnig mun Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri koma á fundinn og kynna teikningar og verkáætlun af stækkun á íþróttahúsinu.

Gjaldkeri og ritari gefa ekki kostna á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Hlökkum til að sjá sem flesta. Stjórn UmfH

## ***Opið hús***

Félag eldri Hrunamanna verður með opið hús

***miðvikudaginn 16. apríl kl. 14:00 í Félagsheimilinu.***

Þetta verður seinasta opna hús í vetur og það er óskandi að sem flestir geti komið.

Með bestu kveðjum,  
stjórnin

# Páskaeggjabinó

**9. bekkur í Flúðaskóla heldur páskaeggjabinó  
mánudaginn 14. apríl kl. 20:00  
í Félagsheimilinu á Flúðum  
Bingóið er liður í fjáröflun bekkjarins fyrir námsferð  
til Danmerkur á haustdögum ☺**

Aðalfundur nautgriparæktarfélags Hrunamanna var haldinn þann 25. mars síðastliðinn. Eins og venja er á þessum fundi eru veitt verðlaun fyrir:

Afurðahæsta búíð sem er Dalbær1 – með 7.119 kg mjólk – 540 kg MFP  
Afurðahæsta kýrin er Raun 562 frá Hrepphólum – 11.049 kg mjólk  
Ræktunarbú ársins er Hrafnkelsstaðir 3 – 5.255 kg mjólk – 389 kg MFP  
– 27 kg aukn. í MFP milli ára  
Efnilegasta kvígan:

1630 frá Birtingaholti 1 – með  
289 stig.

Þetta er mjög efnileg kvíga, ber  
1. kálfi 26 mánaða, hún er með  
86 stig í útlitsdóm og 119 í  
afurðaeinkunn

Einnig má geta þess að besta  
naut úr árgangi 2006 var Koli  
06003 frá Sólheimum. Koli er  
undan Font frá Böðmóðstöðum  
og Elsu 226 frá Sólheimum.



Óskum við öllu þessu fólki til hamingju með frábæran árangur. Stjórnin

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**  
**SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**  
**OPIÐ VIRKA DAGA 9-18**  
**LAUGARDAGA 11-14**

# Forsala á rúlluplasti

Í forsölu erum við með tvær tegundir af þýsku gæða plasti sem við höfum verið með í sölu undanfarnin þrjú ár.

**Agrifóli** - þrautreynt við íslenskar aðstæður og er með eftirla limingu og mjög hljóðlætt við þökkun.

**Polystretch** - hefðbundi en hefur reynst líkast vel við allar aðstæður og hafa viðskiptavinir okkar undantekningalaust verið mjög ánægðir með þetta plast.

**Agrifóli** (hvítt/ljósgrænt 750mm.)

Forsöluverð án vsk. kr. 11.620\*

**Polystretch** (grænt 750mm.)

Forsöluverð án vsk. kr. 11.620\*

*\*Verð er miðast við að keypt séu heil bretti og gjaldtugi 15. maí.*

*Ef greitt er 15. júní bætt st. 2% við verð.*

*Pantanir þurfa að hafa boðst okkur fyrir 15. apríl og við komum plastið heim á hlað fyrir 15. Júní viðskipta vnum að kostnaðræsu.*



## Í sauðburðinn

**Henke -  
Skammtaspauta**



**Henke -  
Inngjafaspauta**



**Lambasnara**



**Lambatúttufötur**

5 túttu 8 L

6 túttu 8 L



**Burðarslim**



**Lambatúta  
fyrir  
gosflöskur**



**Lamba  
mjólkurduft**



**Lambapeli  
1 líter**



**Merkilítir  
Spray og stíck**



**"Klaufa"  
klíppur**

**Markatöng**



**Steinefnafata  
fyrir sauðfé**



**Munið að panta  
sáðvöruna fyrir  
15. apríl**

Sáðvöruelistinn og verð er á  
[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)

Frí heimkeyrsla á sáðvöru  
ef pantað er fyrir 15. apríl n.k.  
300 kg. eða meira

**Saltsteinn  
Natur**



**Saltsteinn  
Plus**




**Uniblock  
steinefnablokk**



**LANDSTÓLPI**

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

# Tamningar og þjálfun



Tek að mér tamningar og þjálfun hrossa í vetur er með aðstöðu í Unnarholtskoti

Guðjón Örn Sigurðsson sími: 8656714  
netfang:skollagrof@skollagrof.is

## Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. apríl n.k.



# VÖRÐUKÓRINN

Vörðukórinn og Samkór Reykjavíkur

Vortónleikar á Flúðum miðvikudaginn 30 apríl kl. 20:30  
Söngveisla sem enginn má missa af -  
nánar auglýst síðar.



Morgunkaffi í Íþróttahúsinu;)

## Vinnuskóli



Hrunamannhreppur

Verður starfræktur frá 16. júní til og með 18. júlí í sumar.  
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir  
á árunum 1998 –2000.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 12. maí  
á Skrifstofu Hrunamannhrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 , eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



## FRAMUNDAN Á ÚTLAGANUM!!

**„Pub Quiz“**, föstudag 11. apríl

**„Rokksveit Jonna“**, laugardag 12. apríl


**„Strákarnir mínir“**, eftir miðnætti á föstudaginn langa

**„Bjartmars tónleikar“**, laugardag 19. apríl

**„Hljómsveitin Sixtees“**, laugardag 3. maí







## ***Velferðarþjónusta Árnesþings***

**Óskar eftir starfsfólki til starfa við félagslega heimaþjónustu í uppsveitum og Flóahreppi. Um er að ræða hlutastarf.**

*Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:*

- ✦ Almenn þrif
- ✦ Aðstoð við persónulega umhirðu
- ✦ Veita félagslegan stuðning og hvatningu

Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuþega

*Helstu hæfniskröfur:*

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt

Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilistörfum

**Þarf að hafa bíl til umráða.**

**Umsóknarfrestur er til 20.apríl.nk.**

**Vinsamlegast sendið fyrirspurnir í tölvupósti á [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is) eða [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is) eða hringið í síma 480-1180**



# Smárafréttir

APRÍL 2014



*Hæ krakkar!*

Nú er reiðnámskeiðið hjá Gunnu búíð og við heyrðum að allir voru rosalega ánægðir með það! Gott að eiga hana Gunnu að og viljum við endilega fá hana aftur! Hún bauðst til að æfa programmið með ykkur 18.apríl og einnig 3.maí svo að allir séu öruggir með keppnisreglurnar. Næst er það Smalinn hjá börnum/unglingum og Skeiðið hjá unglungum og viljum við biðja ykkur um að skrá ykkur hjá Guggu í netfang: [guggajo21@gmail.com](mailto:guggajo21@gmail.com) (ath. Nýtt netfang!) sem fyrst sem vilja keppa! Gugga sér svo um að skipuleggja æfingátíma fyrir ykkur. Smalabrautin verður sett upp fimmtudagskvöld 17.apríl og allir geta fengið að æfa sig á föstudaginn 18.apríl. Mótið byrjar svo kl. 17 á laugardaginn, 19.apríl. Það byrjar seinna en vanalega svo að allir komast einnig á Páskaíþróttamótið.

*Skemmtiferð með Loga og Trausta á stórglæsilega hestasýningu í Fákaseli föstudaginn 11 apríl. Rútuferð frá Brautarholti og Flúðum. Hesthúsheimsókn og pizzaveisla í Fákaseli. Skráning gegnum [smarakrakkar@gmail.com](mailto:smarakrakkar@gmail.com) Fylgist með á facebook síðu smarakrakka !*

**Svo er best að merkja í dagatalið árlega Hestheimaferðin sem verður núna farin 17-18.maí. En við munum auglýsa hana betur seinna.**

**Hvetjum börn og foreldra til að fylgjast reglulega með tilynningum á facebook síðu Smarakrakka, það er mun ódýrara en að senda dreifibréf. Við reynum líka að nýta mentorkerfi skólanna sem stendur okkur í boði upp að ákveðnu marki.**

**Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta verður haldið í reiðhöllinna á Flúðum miðvikudaginn 16 apríl.**

**Fylgist vel með á [smari.is](http://smari.is) og facebook síðu Smára**



## Urslit frá þriðja vetrarmóti og samanlagðir sigurvegarar vetrarins 2014



### Börn:

1. Þorvaldur L. Einarsson/Brúður frá Syðra-Skörðugili 10v
2. Einar Ágúst Ingvarsson/Punktur frá Fjalli 9v
3. Aron Ernir Ragnarsson/Þyrnir frá Garði 17v
- 4-5 Valdimar Örn Ingvarsson/Prins frá Fjalli 8v
- 4-5 Laufey Ósk Grímsdóttir/Iðunn frá Ásatúni 10v

### Ungrossaflokkur:

1. Ragnar Sólvi Geirsson  
Mökkur frá Efra-Langholti 5v
2. Berglind Ágústsdóttir  
Hera frá Efra-Langholti 5v

### Unglingar:

1. Hrafnhildur Magnúsdóttir/Eyvör frá Blesastöðum 1A 7v
2. Hekla Salóme Magnúsdóttir/Tinna frá Blesastöðum 1A 6v
3. Helgi Valdimar Sigurðsson/Hugnir frá Skollagróf
4. Viktor Máni Sigurðsson/Muggur frá Kaldbak 5v

### Ungmennni:

1. Eiríkur Arnarsson/Rein frá Rútsstaða-Norðurkoti 7v
2. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir/Eining frá Vorsabæ 2 8v
3. Gunnlaugur Bjarnason/Flögri frá Kjarnholtum 10v
4. Guðjón Hrafn Sigurðsson/Sóley frá Syðri-Hofdölum 7v
5. Björgvín Ólafsson/Sveipur frá Hrepphólum 7v
6. Guðjón Örn Sigurðsson/Gerpla frá Skollagróf 5v



### II Flokkur:

1. Rosemarie B. Þorleifsdóttir/Fursti frá Vestra-Geldingaholti
2. Guðbjörg Jóhannsdóttir/Fjóla frá Ásatúni 6v
3. Sigfús Guðmundsson/Vonameisti frá Vestra-Geldingaholti 7v
4. Atli Örn Gunnarsson/Ölur frá Túnsbergi 6v
5. Unnsteinn Hermannsson/Neisti frá Langholtskoti
6. Sigurður Haukur Jónsson/Grandi frá Skollagróf 7v
7. Kari Torkildsen/Hylling frá Steinsholti 7v
8. Hjálmar Gunnarsson/Gæfa frá Litlu-Sandvík 9v

### I Flokkur:

1. Þór Steinsson/Glæta frá Hlemmiskeiði
2. Berglind Ágústsdóttir/Rein frá Blesastöðum 1A 6v
3. Jón William Bjarkason/Framsókn frá Litlu-Gröf 8v
4. Bjarni Birgisson/Andrá frá Blesastöðum 1A 9v 5.
- Einar Logi Sigurgeirsson/Ísdögg frá Miðfelli 6v
6. Erna Óðinsdóttir/Þöll frá Hvammi 8v
7. Magga Brynjólfsdóttir/Hula frá Túnsbergi 6v
8. Þorsteinn G. Þorsteinson/Förðun frá Hólavatni 9v
9. Helgi Kjartansson/Þótti frá Hvammi 7v
10. Gunnar Jónsson/Draupnir frá Skeiðháholti 3 9v
11. Gunnar K. Eiríksson/Konsert frá Túnsbergi 6v



<b>Barna flokkur:</b>	<b>stig:</b>
1. Þorvaldur Logi Einarsson	29,5
2-3. Aron Ernir Ragnarsson	17
2-3. Einar Ágúst Ingvarsson	17
4. Þórey Þula Helgadóttir	16
5. Valdimar Örn Ingvarsson	13
6. Laufey Ósk Grímsdóttir	6,5
<b>Unglinga flokkur:</b>	
1. Hekla Salóme Magnúsdóttir	28
2. Helgi Valdimar Sigurðsson	24
3. Viktor Máni Sigurðsson	23
4. Hrafnhildur Magnúsdóttir	20
<b>Ungmenna flokkur</b>	
1. Eiríkur Amarsson	30
2-3 Sigurbjörg Bára Björnsdóttir	24
2-3 Gunnlaugur Bjarnason	24
3-4 Guðjón Hrafn Sigurðsson	20
3-4 Björgvin Ólafsson	20
5. Guðjón Örn Sigurðsson	15
6. Björgvin Viðar Jónsson	6
<b>II Flokkur:</b>	
1. Rosemarie B. Þorleifsdóttir	30
2. Sigfús Guðmundsson	26
3. Atli Örn Gunnarsson	14
4. Unnsteinn Hermannsson	10
5. Kari Torkildsen	12
6. Guðbjörg Jóhannsdóttir	9
7. Ása María Ásgeirsdóttir	8
8. Hörður Úlfarsson	6
9. Nadia Barn	5
10. Sigurður Haukur Jónsson	5
<b>I Flokkur:</b>	
1. Jón William Bjarkason	28
2. Berglind Ágústsdóttir	26
3. Erna Óðinsdóttir	20
4. Þór Steinsson	19
5. Bjarni Birgisson	14
6. Magga S Brynjólfsdóttir	13
7. Einar Logi Sigurgeirsson	12
8. Gunnar Kristinn Eiríksson	8
9. Helgi Kjartansson	6
10. Hermann Karlsson	6
<b>Ungrossa flokkur:</b>	
1. Berglind Ágústsdóttir	27
2. Ragnar Sólvi Geirsson	20
3-4. Bjarni Birgisson	9
3-4. Gunnlaugur Bjarnason	9





# Firmakeppni Smára 2014



Verður haldin á Flúðum 1 maí að venju og hefst stundvíslega kl. 14.00

Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflokkur (9 ára og yngri)

Barnaflokkur ( 10-13 ára)

Unglingaflokkur ( 14-17 ára)

Ungmennaflokkur ( 18-21 árs)

Kvennaflokkur

Karlaflokkur

Heldri manna og kvennaflokkur

150 m skeið

★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★  
★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★ ★

Skráning á  
staðnum frá  
13.00 til 13.50

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*

STJÓRNIN

\*Reglur firmakeppni má finna inn á [www.smari.is](http://www.smari.is) undir liðnum LÖG OG REGLUR

## Einnig er framundan:

19 APRÍL UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

25 APRÍL TÖLT OG SKEIÐ UPPSVEITAEILD

1 MAÍ FIRMAKEPPNI

MAÍ HESTHEIMAFERÐ

4 MAÍ UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

MAÍ/JÚNÍ BYRJENDANÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN

22 JÚNÍ BROKK OG SKOKK

ÁGÚST SUMARBÚÐIR SMÁRA

SEPT/OKT HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNAR

FYLGIST MEÐ Á  
[WWW.SMARI.IS](http://WWW.SMARI.IS) OG  
FACEBOOK SÍÐU  
SMÁRA

# Uppsveitabrosið 10 ára

Þetta er í tíunda sinn sem brosið er afhent og sá sem hlýtur Uppsveitabrosið 2013 er Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einstaklega góð samvinna er milli Uppsveita Árnassýslu og starfsfólks Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í því samstarfi hefur Guðjón Bragason komið að fjölmörgum verkefnum í mismunandi málaflokkum þar með talið skipulags- og ferðamállum.

“Uppsveitabrosið” er viðurkenning sem veitt er árlega einstaklingi eða fyrirtæki. Bros frá Uppsveitunum til þeirra sem hafa lagt ferðaþjónustunni á svæðinu lið á jákvæðan uppbyggilegan hátt og stuðlað að samvinnu. Markmiðið er að senda út jákvæð skilaboð og vekja athygli á því sem vel er gert. Hugmyndin að “Uppsveitabrosinu” kviknaði í stefnumótunarvinnu sem fram fór 2003 og hefur verið afhent árlega síðan. Þetta er því í tíunda sinn sem Uppsveitirnar senda þetta sérstaka brosið frá sér. Brosið er óáþreifanlegt, en því fylgir ávallt hlutur sem handverks- eða listamaður í Uppsveitunum býr til hverju sinni. Í ár var það ljósmynd „Sólstafir“ eftir Ívar Sæland ljósmyndara frá Espiflöt.

Oddvitanefnd Uppsveita  
Árnassýslu ásamt  
ferðamálafulltrúa  
sveitarfélaganna fóru í  
heimsókn til Sambands  
íslenskra sveitarfélaga, áttu  
þar góða stund og samræður  
ásamt því að afhenda brosið.

Brosandi frá vinstri: Skafti  
Bjarnason oddviti Skeiða- og  
Gnúpverjahreppi, Ragnar  
Magnússon oddviti  
Hrunamannahreppi, Guðjón  
Bragason Uppsveitabrosihafi,  
Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu, Gunnar Þorgeirsson oddviti  
Grímsnes og Grafningshreppi, Drífa Kristjánsdóttir oddviti Bláskógabyggð, Kristófer  
Tómasson sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Karl Björnsson framkvæmdastjóri og  
Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri Sambandsins.



Skafti oddviti smeltti fram vísu í tilefni dagsins:  
Frá þingi er lengi laga von  
Lítt við skiljum - nokkur.  
Gott er að Guðjón Bragason  
Getur bjargað okkur.



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

### Spænil, trjáskurl ofl.

Höfum hafið framleiðslu á spæni til undirburðar. Einnig er til sölu trjáskurl í stórsekkjum og í lausu, hægt er að nota það í göngustíga, í trjábeðin og inn í reiðhallir svo eitthvað sé nefnt.

Höfum einnig til leigu trjáskurlara

Síðast en ekki síst ef þið viljið losna við stór tré til endurnýtingar getum við komið og sótt þau til ykkar.

Upplýsingar gefur Sigurður í Birtingaholti í síma 894-1130

### Gistiheimilið Flúðum—Grund

Ný símanúmer: 565 9196 og 896 1286

[gamlagrund@simnet.is](mailto:gamlagrund@simnet.is) [www.gistingfludir.is](http://www.gistingfludir.is)



**Flúðaleið ehf**



#### Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar





## **Nú Sigla Svörtu Skipin**

Vortónleikar Karla­kórs Hreppamanna  
Félagsheimilinu Flúðum

12. apríl kl 20:00

Aðgangseyrir 3000 kr.

### **AÐALFUNDUR!**

Aðalfundur Ásæls verður haldinn  
í Reiðhöllinni á Flúðum,  
mánudaginn 14. apríl kl: 20:30  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Stjórnin



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá  
á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími hreppsskrifstofu.*

*Mánudaga til fimmtudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*

## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga kl: 13:00-18:00

Um helgar er opið á laugardögum frá kl:12:00-15:00,  
þegar mót eru í gangi.

### Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

**Lokað er á föstudaginn langa og páskadag.**

**17,21 og 24 apríl er opið frá**

**12:00-18:00**



VIOLA snyrtistofa

Högnastíg í Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímabantanir í Síma 856-1599



### Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 25. apríl 2014

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímabantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



# Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Hölsulind frá landnámi

## Ný sameiginleg skóla- og æskulýðs Stefna fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Sveitarfélögum er samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla skylt að marka sér stefnu í skólastarfi og kynna hana fyrir íbúunum. Ramminn um skólastarfið er í lögum og í aðalnámskrá fyrir leik- og grunnskóla.

Sveitarfélögin hafa ákveðið svigrúm innan þessa ramma og geta lagt áherslu á ákveðna þætti skólastarfsins eða stefnt að ákveðnum markmiðum. Þessar áherslur og markmið koma fram í skólafélagum sveitarfélagsins og í skólanámskrám viðkomandi skóla.

Skólafélagur þarf að endurskoða reglulega, og þegar sú endurskoðun var til umræðu í Skólanefnd Flúðaskóla kviknaði sú hugmynd að gera sameiginlega skólafélagum fyrir Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Nemendur beggja sveitarfélaga enda sína grunnskólagöngu saman á unglingsstigi í Flúðaskóla og því að mörgu leyti heppilegt að nemendur fylgi sameiginlegri stefnu frá upphafi skólagöngu í leikskóla til útskriftar úr grunnskóla. Þessi sveitarfélög reka auk þess sameiginlega félagsmiðstöð fyrir unglinga. Skólanefndirnar lögðu það því til við sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga að skóla- og æskulýðs Stefna yrði sameiginleg og var það samþykkt.

Boðað var til íbúafunda um skóla- og æskulýðsmál vorið 2012. Markmið íbúafundanna var að fá fram skoðanir og áherslur íbúanna í málaflokknum og gefa sem flestum tækifæri til að hafa áhrif á stefnuna. Þannig gátu allir íbúar, hvort sem þeir voru í leikskóla, grunnskóla, foreldrar, afar, ömmur eða barnlausir komið að þessari vinnu og lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Fyrirtækið Capacent sá um íbúafundina og tók saman helstu niðurstöður sem skólanefndirnar nýttu til frekari úrvinnslu. Skipaður var starfshópur sem vann málið áfram. Í honum voru fulltrúar úr skólanefndum, skólafélagum, forstöðumaður félagsmiðstöðvar og fulltrúar foreldra úr báðum sveitarfélögum. Afrakstur þessarar vinnu liggur nú fyrir og má sjá nýja skóla og æskulýðs Stefnu fyrir Hrunamannahrepp ([www.fludir.is](http://www.fludir.is)) og Skeiða- og Gnúpverjahrepp ([www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)) á heimasíðum sveitarfélaganna og á heimasíðum skóla og félagsmiðstöðvar. Íbúar eru hvattir til að kynna sér stefnuna og að vinna sameiginlega að framgangi hennar með hag ungmenna okkar að leiðarljósi.

Fulltrúar í skólanefndum sveitarfélaganna óska íbúunum til hamingju með þennan sameiginlega áfanga og þakka þeim fjölmörgu sem tóku þátt í verkefninu.

f.h. skólanefnda Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Helgi Jóhannesson og Jón Vilmundarson, formenn skólanefnda.

# Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.  
Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Kaffi-Sel, golfskálanum, verður  
opið sem hér segir:



Pizza



Golf

Föstudaga frá kl. 17.00 til 20.30  
Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00 til 20.30

Um páskana verður opið sem hér segir:

Dagana 18. til 21. apríl (annar í páskum)  
frá kl. 12.00 til 20.30.

*Á skírdag, 17. apríl, er opið frá kl. 18.00 til 20.30.*

**Opið alla daga frá og með 1. maí**  
**frá kl. 8.00 til 21.00**

Verið hjartanlega velkomin  
Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)

# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*graennaland@simnet.is*



## Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

## Hið frækna blaklið Hrunamanna



## Hrunaspjall

*Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli*

Helgihaldið framundan:

17.apríl Skírdagur Hrunakirkja kl.11:00

Ferming:Steinar Þór Kristinsson

17. apríl Skírdagur Hrepphólakirkja kl.13:00. Fermingarmessa.

Fermd verða: Birgit Ósk Snorradóttir, Eva María Ragnarsdóttir, Kristinn Þór Styrmisson og Sunneva Sól Árnadóttir.

18. apríl Föstudagurinn langi: Lestur Passíusálma í Hrepphólakirkju, hefst kl.13:00 lýkur um kl.18:00.

20. apríl Páskadagur. Hrunakirkja, hátíðarguðsþjónusta kl. 8:00, morgunkaffi í safnaðarheimili að messu lokinni.

-Páskadagur kl.11:00 Hátíðarguðsþjónusta í Hrepphólakirkju.

24. apríl Sumardagurinn fyrsti.

Messa í Hrunakirkju kl.13:00. Fermd verða: Filip Jan Jozefik, Nói Mar Jónsson, Orri Ellertsson, Sigríður Helga Steingrimsdóttir og Þórný Vaka Þorleifsdóttir.

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

  
**Vöndull**  
FLUTNINGAÞJÓNUSTA  
Sími 856 1580  
vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli  
Reykjavíkur, Hveragerðis,  
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,  
Stokkseyrar, Selfoss,  
Hellu, Hvolsvallar og  
**DREIFBÝLIS Í ÁRNESÝSLU**

**Nesfrakt**  
Héðinsgötu 1-3 - Rvk.  
Sími 533 2211





## Loksins Loksins

### Dansnámskeið fyrir börn og unglinga í Félagheimilinu Flúðum

#### **Börn 4-7 ára**

4 – 7 ára börn læra sígilda barnadansa s.s. Fingrapolka og Skósmiðadansinn svo eitthvað sé nefnt og fyrstu sporin í samkvæmisdönsum. Auk þess er lögð áhersla á að þroska samskipti barnanna á milli. Kennt er á miðvikudögum frá kl: 17-17.40 einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Hefst 30.apríl 5 skipti.

**VERÐ 7.500 KR**

#### **Börn 8-12 ára**

Á dansnámskeiðum fyrir 8-12 ára byrjendur eru kennd fyrstu sporin í nokkrum samkvæmisdönsum s.s Cha Cha Cha, og Jive. Kennd eru fyrstu sporin af Skottís og léttir Freestyledansar. Einnig læra þau fjöruga partýdansa. Lögð er áhersla á eðlileg samskipti og snertingu á milli kynja. Kennt er á miðvikudögum frá kl: 15-15.50 einu sinni í viku í 50 mínútur í senn. Hefst 30. Apríl 5 skipti.

**VERÐ 8.500 KR**

#### **Unglingar 13 og eldri**

Hjá eldri börnum og unglingum er haldið áfram að byggja upp á þeim grunni sem þau hafa lært og bætt inn fleiri dönsum. kenndir eru almennir samkvæmisdansar og nokkrir af gömlu dönsum ásamt Freestyldansi. Mest áhersla er lögð á suður-amerísku dansana Cha Cha Cha, Jive og Tjútt. Kennt er á miðvikudögum frá kl:16-16.50 einu sinni í viku í 50 mínútur í senn. Hefst 30. apríl 5 skipti.

**VERÐ 8.500 KR**



Skráning á netfangið [danssportdansson@gmail.com](mailto:danssportdansson@gmail.com)



# Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna

## Vísindaferð:

Farið verður í árlega vísindaferð félagsins föstudaginn 11. apríl næstkomandi og haldið í austurátt. Lagt verður af stað frá Félags-heimilinu kl. 17 og áætluð heimkoma kl. 21 til 22. Vegna stærðar á rútu er gott að fólk panti í síðasta lagi á fimmtudagskvöld í síma 894-3059 eða á netfangið [skollagrof@skollagrof.is](mailto:skollagrof@skollagrof.is) Kostar 1.500 kr.



## Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum þriðjudaginn 15. apríl kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf þ.e. skýrsla stjórnar, reikningar ársins 2013, kosningar, verðlaunaafhendingar og jafnvel einhver fyrirlestur. Veitingar í boði félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og nýjir félagar að sjálfsögðu velkomnir.

Kveðja Stjórnin

Opinn stefnumótunarfundur Á-listans verður haldinn þriðjudaginn 15 apríl, klukkan 21:00 á Útlaganum. Allir þeir sem hafa áhuga á að koma að stefnumótunavinnu Á-listans eru hvattir til að mæta.

Undirbúningsnefnd Á-listans

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Frá undirritun samnings milli Landgræðslufélags Hrunamanna og Hrunamannahrepps



Leikskólabörn og 1.bekkur Flúðaskóla taka fyrstu „skóflustungurnar“ að stækkun Íþróttahússins

